Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

ÁGÚST 2017

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

8. tbl. 20. árg.

Frá kl. 11-16

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Tölvugerð mynd af Húsi íslenskra fræða eins og það mun koma til með að líta út.

24 Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Systrasamlagið

Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Erum flutt á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 17.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is

Slökkvitækja-þjónustan
☎ 564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Hús íslenskra fræða í holuna á Melunum

- búið að samþykkja byggingarleyfi og veita fé í húsið

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur fengið samþykkt leyfi til að byggja Hús íslenskra fræða sem verður þrjár hæðir og kjallari auk bílakjallara fyrir 60 bíla við Arngrímsgötu 5 í Reykjavík. Húsið verður staðsteypt og klætt cortenstáli. Húsið verður alls 6,464 fermetrar og 28.415 rúmmetrar að stærð.

Grafið var fyrir húsinu á árinu 2013 en framkvæmdum hætt sama ár þegar fjárlaganefnd Alþingis ákvað að stöðva allar framkvæmdir um óákveðinn tíma og hefur holan á Melunum aðeins safnað vatni síðan. Nú hyllir undir að eitthvað verði gert og búið að ákveða að veita 400 milljónum króna verða settar í verkið á þessu ári en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á hönnun þess. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist þegar á þessu hausti.

- bls. 4-5
Viðtal við formann Miðborgarsamtakanna

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Driscoll's berjatilboð

Melabúðin
Þín verslun

Hagamel 39 - Sími 551-0224

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
8. tbl. 20. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Lokaáfanginn við Grandaveg kominn í sölu

Grandavegur 42 eins og byggingin mun líta út þegar framkvæmdum verður lokið.

Nýverið hófst sala á lokaáfanganum við Grandaveg 42 sem lengi var kennt við fyrirtækið Lýsi og kölluð Lýsislóðin. Í þeim áfanga sem nú er boðin til sölu eru fjölbýlin sem snúa út að Eiðisgranda sjávarmegin. Alls er um að ræða 85 íbúðir í þremur stigagöngum sem eru allt frá sex upp í níu hæða byggingar með íbúðum sem margar hverjar njóta stórkostlegs útsýnis.

Um er að ræða tveggja herbergja íbúðir með yfirbyggðum suðursvölum og þriggja herbergja íbúðir sem flestar eru með tvennum yfirbyggðum svölum sem snúa í suður og einnig norður með glæsilegu sjávarútsýni. Þriggja herbergja íbúðirnar eru fáanlegar í þremur mismunandi útfærslum og það hefur verið skemmtilegt að sjá að nær undantekningarlaust finna áhugasamir réttu íbúðina fyrir sig enda eru yfir 30 íbúðir nú þegar seldar á fyrstu vikunum. Glæsileg sýningaríbúð hefur verið standsett og sýnir vel hversu glæsilegar íbúðirnar koma til með að vera.

Fyrstu íbúðirnar í þessum lokaáfanga verða afhentar í október n.k. en þær síðustu í apríl á næsta ári.

Fyrsta afhending í október

Fyrstu íbúðirnar í þessum lokaáfanga verða afhentar í október n.k. en þær síðustu í apríl á næsta ári. Við erum daglega að sýna íbúðir og eftirspurnin er mjög mikil enda ekki á hverjum degi sem nýjar glæsilegar íbúðir með útsýni til sjávar koma í sölu í vesturbæ Reykjavíkur. Í boði eru einnig íbúðir á efstu hæð með þakrými sem er allt að 150 fm að stærð og hægt er m.a. að koma upp aðstöðu fyrir heitum potti þar. Margir eru að minnka við sig og getum við boðið þeim aðilum upp á ókeypis verðmat á þeirra eignum til að auðvelda kaupáætlun sem í mörgum tilfellum er nokkuð rúm þar sem síðustu íbúðirnar verða afhentar næsta vor.

Yfirbyggðar svalir vöktu athygli

Framkvæmdir við byggingu fjölbýlishúsa við Grandaveg 42 fyrir um þremur árum. Það var svo um mitt ár 2016 sem söluferli hófst á fyrsta áfanga þeirra bygginga sem voru tilbúnar eða alls 56 íbúðir frá tveggja til fjögurra herbergja að stærð. Íbúðirnar voru mjög eftirsóttar og seldust upp á innan við þremur mánuðum og allir íbúar eru fluttir inn í dag. Yfirbygging svala á íbúðunum vakti mikla athygli en um var að ræða hreina viðbót við uppgefna fermetra íbúða sem gat numið allt frá 20 fm og upp í tæpa 40 fm á nýjasta áfanganum. Vandaðar innréttingar frá HTH ásamt veglegum eldhústækjum sem fylgja með s.s. ísskápur, uppþvottavél, ofnar og helluborð frá AEG hafa einnig haft sitt að segja ásamt því sem að stæði í lokaðri bílageymslu fylgir hverri íbúð.

Háskólasvæðið – tákn um stórhug í menntamálum

Allt frá því að aðalbygging Háskóla Íslands reis af grunni undir lok fjórða tugs liðinnar aldar hefur Háskólasvæðið sett sterkan svip á Vesturbæ Reykjavíkur. Í áranna rás hefur starfsemi háskólans og stofnana honum tengdar vaxið frá einum tíma til annars. Þessi vöxtur er mjög áþreifanlegur í umhverfinu þar sem heilt hverfi háskólastofnana og námsmannaíbúða hefur risið.

Þetta og margt fleira ber vott um mikla breytingu sem orðið hefur á þekkingaröflun fólks hér á landi á undangenginni hálfri öld. Íslendingar eru framarlega í röð þjóða þegar kemur að menntun – bæði almennri og einnig sérfræðilegri háskólamenntun.

En það eru blikur á lofti í menntamálum þjóðarinnar. Rektorar háskóla á Íslandi hafa séð sig knúna til þess að lýsa þungum áhyggjum af málefnum háskólanna sem skildir voru eftir í fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2017 til 2021.

Úttekt OECD hefur verið sýnt fram á að íslenskir háskólar eru verulega undirfjármagnaðir. Þeir fá um helmingi lægra framlag á hvern nemenda en háskólar annars staðar á Norðurlöndunum. Við óbreytt ástand geta háskólarnir ekki starfað áfram með eðlilegum hætti. Háskólastarfi er stefnt í hættu.

Háskólasvæðið í Vesturbænum er tákn um stórhug í menntamálum. Aðrir háskólar eru það einnig og ekki síður sá fjöldi framhaldsskóla sem tekið hafa til starfa á undanförnum áratugum. Þá grósku sem þróast hefur í menntamálum verður að varðveita.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!
www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Vesturbæingar

Eru þá allar íbúðir
að verða uppseldar
í Vesturbænum?

kronotex
FLOORS FOR LIVING
GERÐU EIN BESTU KAUP ÁRSINS!
RISA ÚTSALA
Á HÖRKU PLANKA HARÐPARKETI
30-60% AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ 1.290 kr. m2
GÆÐAFLOKKUR AC4 - 8MM
Birgisson
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Miðborgin hefur breytt um útlit

- næturlíf og veggjakrot er til vandræða

„Miklar breytingar hafa orðið í Miðborginni á ótrúlega skömmum tíma. Bylting hefur orðið í ferðaþjónustunni sem menn sáu ekki fyrir. Fólk flykkist hingað forvitið um land og þjóð og Miðborgin er eðlilega viðkomustaður flestra. Jóhann Jónsson kaupmaður og veitingamaður í Ostabúðinni á Skólavörðustignum og formaður Miðborgarsamtakanna segir að eldsumbrotin í Eyjafjallajökli, afrek Íslendinga bæði á íþrótta- og menningarsviðum til dæmis í kvikmyndagerð að ógleymdum lágjaldaflugfélögunum og Internetinu sem veitir nánast ótakmarkaða upplýsingagjöf um Ísland hafa gerbreytt stöðu okkar. Miðborgin hafi einnig verið að breyta um útlit og fá á sig annan svip vegna endurnýjunar gatna, húsbygginga og annarra framkvæmda.

Jóhann Jónsson kaupmaður og veitingamaður í Ostabúðinni á Skólavörðustíg.

Jóhann er Borgnesingur, foreldrar hans stunduðu verslun en hann flutti til Reykjavíkur til þess að nema matreiðslu á Hótel Holti hjá Skúla Þorvaldssyni. Jóhann hefur starfið við matreiðslu og veitingarekstur síðan, meðal annars á Lækjarbrekku og með Rúnari Marvins gæðakokki og einum af frumkvöðlum í matreiðslu fiskrétta hér á landi. Jóhann keypti Ostabúðina á Skólavörðustignum um aldamótin sem þá var lítil sérverslun og sælkerabúð með osta en hefur nú eflt verslunina og byggt upp vinsælan veitingastað með sama nafni við hlið hennar. „Mér fannst sjálfsagt að halda nafninu þótt ég færði starfsemi út. Ég tók kjallarann hér baka til þar sem við sitjum sem hafði verið notaður til geymslu og breytti honum í hádegisveitingastað auk þess að vera búinn að vera með veisluþjónustu í langan tíma. Að endingu opnaði ég svo stað í sama húsi hér á Skólavörðustígnum sem heitir Ostabúðin Resturant og er kvöldveitingataður.“

Þarf að tryggja aðgengið

Talið berst aftur að Miðborginni. Jóhann segir að þróunin sé mjög jákvæð en alltaf komi upp ákveðnir erfiðleikar meðan verið sé að byggja upp. Einkum séu erfiðleikar með aðgengi. „Þróunin byrjaði aðeins á vitlausum enda. Ef við miðum við byggingamagnið sem er að rísa þá þarf einnig að tryggja aðgengið. Við finnum fyrir þessu sem þurfum að kaupa aðföng og fá þau send hingað. Eflaust fælir þetta hefta aðgengi eitthvert fólk frá því að sækja Miðborgina og þá þjónustu sem þar er að finna. Ég hef velt því fyrir mér hvort ekki sé hægt að hafa meiri sveigjanleika í umferðinni. Til dæmis að opna hliðin meira einkum því að veðurskilyrði eru ekki alltaf góð eins og oft vill vera hér á landi. Göngugöturnar eru um margt af því góða og miðað við þann fjölda sem er jafnan á götunum í dag er ákveðið öryggisatriði að blanda bílaumferð ekki saman við umferð gangandi fólks.“ Jóhann segist vel muna þá tíð þegar fólk ók sunnudagsbíltúrinn niður Lagaveginn til þess að skoða í búðarglugga og hafa veitt því athygli að útstillingar hafi breyst. „Það er verið að höfða til annara hópa í dag einkum ferðafólksins sem fyllir göturnar sem aldrei fyrr.“

Mætti vera meira um íslenska hönnun

Og þá vaknar spurningin um hvort verslanir séu að verða um of einleitar í Miðborginni. Hvort verslunarmenn séu einkum að höfða til ferðamanna. Jóhann segir marga horfa til viðskipta við ferðafólk og önnur verslun hafi vikið en það kunni að vera tímabundið. Hann kveðst hafa trú á að sú uppbygging sem nú á sér stað á Hafnartorginu og koma verslana á borð við H&M eigi eftir að draga heimafólk til sín ekki síður en ferðafólkið. „Ég sakna þess svolítið hvað sest lítið af íslenskri hönnun í búðum í Miðborginni. Ferðamannavara á borð við lundann sem er orðinn einskonar tákn landsins er mjög áberandi enda eru um 30 „lundabúðir“ í Miðborginni. Ég hygg þó að umtalsvert framboð á hönnunarvöru sé í miðborginni þótt Lundinn og fleiri „made in China“ vörur séu áberandi. Hér eru grónar verslanir eins og Rammagerðin, Eggert feldskeri hér efst á Skólavörðustígnum, Ófeigur gullsmiður og Hildur kjólameistari. Tólf tónar eru hér ofar við götuna og Handprjónasambandið er hér. Egill bólstrari og Sirrý hafa verið hér neðst á Bergstaðastrætinu um langan tíma. Þau eru nú búinn að selja gamla húsið og maður veit ekki hvað kemur staðinn. Og Helgi úrsmiður er hættur. Ég sakna gróinna verslana sem farið hafa á brott – verslana á borð við Tösku- og hanskabúðina og fleiri verslana. Þetta hefur að miklu leyti með húsaleiguna að gera. Ferðamannaverslanirnar yfirbjóða aðra aðila.“ Og Jóhann snýr sér að fólkinu „Hér hafa líka verið margar eftirminnilegar persónur sem settu svip á Miðborgarlífið. Sumar tengdust Mokka en líka öðrum stöðum. Mokka er eitt elsta kaffihús borgarinnar. Það var opnað í ítölskum stíl 1958 og er því að verða sextíu

Ég tel að borgaryfirvöld verði að átta sig á því að næturklúbbar eiga ekki samleið með öðru sem er að gerast í Miðborginni. Hér eru margir vínveitingastaðir sem eru opnir til klukkan þrjú og jafnvel lengur á nóttunni hvern dag allan ársins hring. Skemmtanalíf af því tægi á ekki heima hér. Bæði vegna íbúa og ekki síður vegna ferðafólks. Fólks sem er að koma út af hótelum og gistiheimilum ef til vill kl. fimm og sex á morgnana til þess að fara í flug eða í skipulagðar ferðir og mætir dauðadrukknu og illa áttuðu fólki – mætir skríl.

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna
TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

ára. Á þessum áratugum hefur ekkert breyst þar og ég hef heyrt að Guðný stofnandi þess hafi aldrei mátt heyra minnst á breytingar. Ég ætla rétt að vona að dætur hennar og barnabörn hafi þessa sögu í heiðri og kaffihúsið verði rekið með óbreyttu sniði um ókomin ár. Þetta er eitt af andlitum götumyndarinnar. Skólavörðustígurinn tignarleg gata með kirkjuna fyrir ofan enda er þetta trúlega orðin vinsælasta ferðamannagata landsins. Það sést á umferðinni og þá einkum upp á Skólavörðuholtinu. Gatan var líka tekin í gegn fyrir nokkrum árum og gerbreyttist. Ég benti á meðan á þeim framkvæmdum stóð að þess virði væri að þrauka vegna þess að þær myndu skila miklu fallegra og betra umhverfi sem raunin varð."

Næturlífið verður að fara

En hvað með veitingastaðina. „Þeir hafa auðvitað sprottið upp bæði hér og víðs vegar á miðborgarsvæðinu. Það þarf að fæða ferðafólkið og eftirspurn eftir veitingastöðum hefur margfaldast eins og dæmin sýna. Við búum við allt aðra matarmenningu í dag en fyrir nokkrum árum og getum þakkað ferðafólkinu hluta af henni. Það er margt mjög jákvætt að gerast í veitingamennskunni en annað er ekki eins gott." Hvað áttu við. „Ég á við næturlífið - það verður að fara. Ég tel að borgaryfirvöld verði að átta sig á því að næturklúbbar eiga ekki samleið með öðru sem er að gerast í Miðborginni. Hér eru margir vínveitingastaðir sem eru opnir til klukkan þrjú og jafnvel lengur á nóttunni hvern dag allan ársins hring. Skemmtanalíf af því tagi á ekki heima hér. Bæði vegna íbúa og ekki síður vegna ferðafólks. Fólks sem er að koma út af hótelum og gistiheimilum ef til vill kl. fimm og sex á morgnana til þess að fara í flug eða í skipulagðar ferðir og mætir dauðadrukknu og illa áttuðu fólki – mætir skríl. Víða erlendis er næturlífið skilið frá hinu eiginlega miðborgar- og menningarlífi. Ég get nefnt borg eins og Barcelona á Spáni þar sem næturlífið fer að miklu leyti fram á hafnarsvæði borgarinnar þar sem lögregla, sjúkra- og slökkvilið er jafnan til staðar um nætur. Við þurfum að vinna að því að færa þetta en ég veit að tekur tíma þótt ákvarðanir verði teknar. Ólafur Laufdal byggði í Múlanum á sínum tíma í talsverðri fjarlægð frá íbúðum og annars konar miðborgarlífi. Ég tel það hafi verið ákveðin framsýni en með pubbamenningunni færðist þetta að mestu leyti inn í Miðborgina. Stærsti vandinn felst í þessari löngu næturopnum. Ég er ekki að fárast yfir pubbum sem loka á skynsamlegum tíma á kvöldin eins og víðast erlendis. Þeir eru hluti af mannlífinu en staðir sem eru opnir fram undir morgun eru ekkert annað en næturklúbbar."

Veggjakrotinu verður að linna

Jóhann vendir kvæði í kross og tekur upp annað mál sem er miðborgarbúum og atvinnurekendum í Miðborginni mikill þyrnir í augum. Það er veggjakrotið. „Þetta er alltaf að aukist og það sem athyglisverðast er að þarna er fullorðin fólk á ferðinni. Oft hafa unglingar tekið upp á þessu en það sem nú gengur yfir kemur frá eldra fólki – jafnvel um og yfir þrítugt. Ég veit ekki hvað því gengur til. Hvort þetta er einhver tiltekinn hópur. Hef grunsemdir um það vegna þess að það virðast ganga merkjasendingar á milli aðila um þetta. Það er vægst sagt sérkennilegur hugarheimur á bak við veggjakrotið og því fylgir mikill óþrifnaður og eyðilegging á verðmætum. Margt af því sem sett er á veggina er heldur engum til sóma. Það var gert átak gegn þessu fyrir nokkrum árum og þá dróg úr krotinu og spreyinu um tíma. Ástandið batnaði en nú er allt komið í sama farið aftur. Veit ekki hvort um sömu aðila er að ræða em það þarf að stöðva þetta með öllum tiltækum ráðum. Ef til vill er hluti lausnar að koma upp tilteknu svæði þar sem fólk getur skemmt sér við þessa iðju. Veit það þó ekki. Ef til vill gengur þetta yfir en við getum ekki beðið eftir því. Þessu verður að linna. Borgaryfirvöld verða að taka á málinu."

Götur hafa tekið stakkaskiptum

Nú hafa svo miklar beytingar orðið í Miðborginni á skömmum tíma að fyrir margra sakir er hún nánast óþekkjanleg frá því sem var. „Já - Þetta eru miklar breytingar og auðvitað er erfitt að gera svo öllum líki. Sæbrautin er orðin fjölsótt af gangandi fólki einkum ferðafólki eftir að listaverk voru sett upp við götuna. Hverfisgata sem var sóðaleg og ljót gata og full af brunarústum er orðin óþekkjanleg eftir mikla endurbyggingu bæði á umhverfi og byggingum við götuna. Nú er hún orðin falleg verslunar- og þjónustugata en einnig íbúðasvæði. Við endurbygginguna voru þó gerð þau mistök að hafa hjólreiðastíga beggja vegna og fyrir vikið vantar betri stæði og einkum safnstæði. Það er ekki hægt að skikka fólk upp á reiðhjól. Fólk verður að finna það hjá sjálfu sér og veðráttan á nokkurn þátt í að takmarka hjólreiðar hér á landi. Þær eru auðveldari í umhverfi eins og við þekkjum til dæmis frá Danmörku."

> ***En ef við eigum að líta yfir sviðið í heild sinni þá held að almenn bjartsýni ríki í Miðborginni. Allir verða aldrei sáttir við allt. Það er ekki hægt að ætlast til þess.***

Teygir sig langt inn í Vesturbæinn

Jóhann bendir á að Laugavegurinn, Klapparstígurinn og Skólavörðustígurinn hafi einnig gengið í endurnýjun lífdaga og að þessi endurbygging eigi heldur ekki eingöngu við um Miðborgina. „Hún teygir sig langt inn í Vesturbæinn. Meðfram allri sjávarsíðunni. Hafnarstræti og Tryggvagata eru að gerbreytast með tilkomu Hafnartorgsins og byggðirnar í kringum höfnina. Þar er nú að finna flóru veitingahúsa af margvíslegum gerðum og ferðafólk leitar mikið á það svæði. Ég vil vona að borgaryfirvöld sjái til þess að Slippurinn verði starfræktur áfram. Hann er hluti af hafnarsvæðinu og hann hefur líka aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Faxaflóahafnir vilja halda í hafnarstarfsemina sem ekki er aðeins af hinu góða heldur nauðsynlegt." Jóhann segir líka ánægjulegt að sá hvernig fjölbreytnin er farin að ryðja sér til rúms á Grandanum. „Þar ríkir annað veðurkerfi en hér í Miðborginni. Þar eru oft vindstrengir af sjónum og minna skjól af byggingum en hér. En fólk lætur það ekkert á sig fá. Þar er komið fullt af skemmtilegum verslunum og veitingastöðum. Gömlu verbúðirnar eru sérstakur hluti og svo má nefna Sjóminjasafnið og Marshallhúsið sem hluta af sögu- og menningarlífi. Ferðaþjónustan hefur einnig skotið rótum. Rútufyrirtæki og bílaleigur eru farin að sækja inn á það svæði og margt ferðafólk fer um Grandann á degi hverjum. Það vantar alvöru fiskmarkað þar rétt eins á fiskitorginu í Bergen í Noregi og þá vil ég snúa mér aðeins að hinum endanum á Miðborgarsvæðinu. Það er Hlemmurinn. Ég vona innilega að vel takist til með matarmarkaðinn og góð stemning nái að myndast i kringum hann. Íbúum hefur fjölgað mikið á þessu svæði m.a. með uppbyggingunni í Holtunum og það ætti að hjálpa að margt fólk býr nú í göngufæri við Hlemminn."

Almenn bjartsýn en nokkuð þarf að laga

„En ef við eigum að líta yfir sviðið í heild sinni þá held að almenn bjartsýni ríki í Miðborginni. Allir verða aldrei sáttir við allt. Það er ekki hægt að ætlast til þess. Ég held að þrjú atriði verði að skoða betur. Það eru aðgengismálin. Hvernig hægt er að bæta aðgengi að fólki og fyrirtækjum í Miðborginni. Hvort bæta megi það með auknum sveigjanleika í umferðinni. Annað er að draga úr starfsemi næturklúbba eða að færa hana til og það þriðja og það allra nauðsynlegasta er að útrýma veggjakrotinu."

LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI

XO
FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU
& SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS
571-3888

Brekkustígur 5A.

Tvær fegrunarviðurkenningar í Vesturbæinn

Tvær fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar féllu til Vesturbæjarins að þessu sinni en alls voru veitar fimm viðurkenningar fyrir hús, lóðir og sumargötur. Viðurkenningar fengu Brekkustígur 5A og Blómvallagata 2.

Brekkustígur 5A er steinbær sem er sér reykvísk húsagerð sem varð til eftir byggingu Alþingishússins árið 1880 en með því urðu tímamót í byggingu steinhúsa þar sem Íslendingar lærðu þá iðn að höggva til grjót. Húsið stendur á baklóð við götuna og var byggt byggð árið 1880. Bærinn hefur frá upphafi verið nefndur Garðbær og var upphaflega byggður úr grjóti en með timburgafli. Viðgerð á Garðbæ hefur staðið yfir í nokkur ár og hefur Húsverndarsjóður Reykjavíkur veitt styrki til verkefnisins.

Blómvallagata 2 er íbúðarhús í fúnkísstíl, steinsteypt og steinað að utanverðu. Það var reist árið 1936 eftir teikningu arkitektanna Einars Sveinssonar og Sigmundar Halldórssonar og hét þá Hávallagata 19. Fyrstu eigendur hússins voru Haraldur Ágústsson kaupmaður og kona hans Steinunn Helgadóttir sem byggðu það í samstarfi við Byggingarsamvinnufélagið Félagsgarð sem var eitt þeirra byggingarsamvinnufélaga sem stofnuð voru eftir setningu laga um byggingarsamvinnufélög árið 1932. Endurbætur á húsinu hafa tekist vel, steiningin er falleg og viðgerð á garðveggnum hin faglegasta.

Blómvallagata 2.

Miklar Hótelbyggingar við Kjörgarð

- verslun víkur fyrir gistirými

Áformað er að byggja þrjú ný hótel á svæðinu við Kjörgarð á Laugavegi og milli Laugavegar og Hverfisgötu. Reykjavík Residence stefnir að því að opna búðahótel við Hverfisgötu 78 sem verður að hluta til í nýju bakhúsi sem snýr að Kjörgarði. Félagið Vesturgarður vinnur nú að endurbyggingu Kjörgarðs hyggst byggja hótelíbúðir í nýbyggingu í portinu bak við Kjörgarðsbygginguna auk þess að leigja íbúðir í Kjörgarði til ferðamanna. Einnig áforma eigendur ION hótelkeðjunnar að byggja hótel vestan við Kjörgarð.

Kjörgarður var byggður á lóðunum 57 til 59 við Laugaveg á síðari hluta sjötta áratug liðinnar aldar og var þá eitt glæsilegasta verslunarhús landsins. Forgöngu að byggingu hússins höfðu þeir Sveinn B. Valfells og Kristján Friðriksson sem lengstum var kenndur við verslunina Últíma en Kristján átti upphaflega helming þeirrar lóðar sem Kjörgarður stendur á. Kristján hafði áður leitað fyrir sér um að byggja yfir verslun sína Últíma en þá voru viðamikil innflutningshöft í gildi og takmarkanir á byggingarleyfum þannig að þau fengust bæði seint og illa. Upp úr því kviknaði sú hugmynd að slá saman lóðunum númer 57 og 59 og byggja þar eitt verslunarhús. Úr varð „magasín“ að erlendri fyrirmynd, sem þá var kallað, en nú er í daglegu talið nefnt verslunarmiðstöð. Upphaflega var ætlunin að byggja tvær hæðir ofan á húsið, en það var í upphafi þrjár hæðir með kjallara en síðar var fjórðu hæðinni bætt við. Gólfflötur er um 900 fermetrar í kjallara og á fyrstu hæð, en 500 fermetrar á efri hæðum. Kjörgarður opnaði laust fyrir jólin 1959 og þá þegar voru 14 verslanir staðsettar þar en alls voru 25 verslunardeildir í Kjörgarði þegar mest var.

Kjörgarður þótti glæsileg verslunarmiðstöð á sínum tíma en nú blasir annað hlutverk við.

Ebba Schram ráðin borgarlögmaður

Borgarráð hefur ráðið Ebbu Schram hrl. í stöðu embættis borgarlögmanns. Ebba hefur starfað sem lögmaður hjá embætti borgarlögmanns frá árinu 2007 að undanskildum tveimur árum er hún starfaði sem lögmaður á lögmannsstofunni LEX.

Frá árinu 2013 hefur Ebba gegnt starfi staðgengils borgarlögmanns. Ebba hefur rúmlega átta ára reynslu af störfum innan stjórnsýslunnar. Verkefni hennar hafa verið fjölbreytt og snert mörg réttarsvið. Hún hefur m.a. sinnt lögfræðilegri ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða, stjórnenda, starfsmanna og lögfræðinga á fagsviðum borgarinnar.

Ebba Schram.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA
S: 562 5999 S: 669 5999
FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

FYRIRTAK
málningarþjónusta
TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA
www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997
LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI
LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

RECARO
Barnabílstólar í úrvali
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Þessa dagana er unnið að uppgreftri á lóðunum við Framnesveg 40 og 42 þar sem rísa eiga fjögurra og fimm hæða fjölbýlishús.

Fjögurra og fimm hæða fjölbýli við Framnesveg

Hafnar eru framkvæmdir við byggingu fjögurra og fimm hæða fjölbýlishúsa á lóðunum við Framnesveg 40 og 42. Það er fyrirtækið Framnesvegur ehf. sem fengið hefur byggingarleyfi á lóðunum samkvæmt fundargerð byggingafulltrúa.

Fjögurra hæða húsið verður við Framnesveg 42 en það fimm hæða á nyrðri lóðinni við Framnesveg 40. Á lóðunum 40 og 42 við Framnesveg stóðu gamlar byggingar sem ekki voru lengur taldar nýtanlegar. Nú er unnið að uppgreftri á framangreindum lóðum.

Myndljóð Óskars Árna í Borgarbókasafninu

Nú stendur yfir sýning á myndljóðum Óskars Árna Óskarssonar í Borgarbókasafninu | Menningarhúsinu í Grófinni. Sýningin er haldin í tilefni af sérstakri hátíðarútgáfu ljóðasafnsins Myndljóð sem kom út fyrr á þessu ári.

Óskar Árni Óskarsson.

Myndljóð Óskar Árna samanstanda af titlum og táknum, nánar tiltekið bókstöfum og greinar-merkjum. Táknunum eða letureiningunum er raðað á síðuna þannig að úr verður mynd, mynd sem titillinn lýsir – og lýsir ekki. Sum ljóðin eru afar einföld eins og „Dagur fyrir sápukúlur“, en þar stendur ein mannvera – táknuð sem „i“ – á striki og upp frá henni þyrlast sápukúlur táknaðar sem gráðumerki „°“ og eitt „o“ (stór sápukúla). Önnur ljóðanna eru flóknar smíðar sem illgerlegt er að lýsa. Sýningin er staðsett á fimmtu hæð menningarhúss Borgarbókasafnsins í Grófinni og stendur til septemberloka.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÓDÝRAR SKÓLAVÖRUR
fyrir öll skólastig

bókakaffi stúdenta
bóksala stúdenta
Alvöru bókabúð og miklu meira
Háskólatorgi - www.boksala.is

Fróðleg og skemmtileg ferð

Nemendur Textíldeildar Myndlistaskólans í Reykjavík við Hringbraut fóru í tveggja vikna ferð til Englands og Frakklands á liðnu vori. Guðrún Margrét Gunnsteinsdóttir og Una Björk Jónsdóttir voru á meðal þeirra nemenda sem heimsótti Englendinga og Frakka í þessari ferð og settust þær niður með Vesturbæjar-bæjarblaðinu í Marshallhúsinu á dögunum og röbbuðu um þessa fróðlegu og skemmtilegu ferð. Í Frakklandi skoðuðu þær einkum söfn en meiri fjölbreytni var í Englandsferðinni sem tók fleiri daga og hópurinn fór nokkuð vítt um bæði um Englandi og einnig Skotland.

Ferðin var hluti af námi nemendanna og farin með styrk frá Erasmus+ menntaáætluninni. Tilgangurinn var að skoða skóla sem bjóða upp á textílnám á háskólastigi og kynna sér starfsemi safna og einnig fyrirtækja. Hópurinn sótti bæði heim söfn og einnig vinnustaði og fyrirtæki sem tengjast þessari fjölbreyttu grein. Þær Guðrún og Una segja ferðina bæði hafa verið mjög lærdómsríka og einnig skemmtilega. Þær segja fyrirtæki og stofnanir mjög ólík að gerð og umfangi, stór söfn, skóla með langa sögu að baki og allt niður í litlar vinnustofur og eins manns fyrirtæki. En hvað er textíll." Textíll er vinna með allskyns efni þar sem farið er frá frumeiningu til framleiðslu allskyns hluta. Það má ef til vill draga þetta saman í eina setningu – "frá þræði til heildar."

Hópmynd af nemendum og kennurum í heimsókn í Parsons skólanum í París, Una Björk er þar fjórða frá hægri og Guðrún Margrét er önnur frá hægri.

Engin stöðnun ríkjandi

Þær Guðrún og Una segjast hafa orðið mjög undrandi að sjá hvað vel væri búið að þessari grein viða og hvað hún stendur á klassískum grunni. Íslendingar séu ef til vill ekki eins vanir þessu hugtaki eða þekkja hvað stendur að því að baki og margir tengi það sérstaklega við fatahönnun. "Fatahönnunin er bara ein grein innan fjölbreyttrar flóru sem snýr að listum, iðnaði og annarri framleiðslu þar sem unnið er úr hinum ýmsu efnum. Þótt textíllinn eigi sér alda gamla sögu þá ríkir engin stöðnun innan hans. Við veittum því athygli að nýjasta tækni er að ryðja sér þar til rúms – tölvutæknin og farið að vinna hluti með þrívíddarprenturum. Engu að síður er nauðsynlegt að kunna góð skil á frumaðferðunum og hversu mikilvægt er að skynja áþreyfaleikann – að koma við efnin og hluti og handfjatla þau. Það sakar ekki að kunna að sauma eða prjóna svo dæmi um handverk sé getið þótt það sé engan veginn nauðsynlegt. Við komum sjálfar úr gjörólíkum greinum þegar við hófum nám við textíldeildina." Guðrún er hjúkrunarfræðingur en Una Björk mannfræðingur. Þær segjast hafa fundið fyrir mikilli framþróun og séð hvað textíllinn er að koma inn á fleiri og fleiri svið til dæmis í matvælaiðnaði. "Eitt af því sem við sáum var hvernig verið var að búa til matvæli úr sjávarþangi og móta þangið þannig að það liti út eins og kjöt. Þannig er textíllinn notaður til þess að hugsa upp á nýtt. Þróa efnin til nýrrar heildar."

París er æðisleg borg

Guðrún og Una segja að dagskrá ferðarinnar hafi verið þétta einkum í Frakklandi þar sem þær hafi gengið fleiri kílómetra eftir götum Parísar. "París er æðisleg borg en á fjórum dögum með þéttskipaða dagskrá er ekki hægt að skoða allt sem mann langaði til að gera. Englandsdvölin var aðeins afslappaðri og farið út fyrir stórborgir og jafnvel út í sveitir þar sem margt athyglisvert var að sjá. Við sjáum hins vegar ekki eftir Parísarrötlinu þótt strembið væri. Það situr svo margt efir þaðan.

Stóru söfnin og Parísarlífið

Hvað finnst þeim merkilegast við Frakkland. "Við skoðuðum Mesée du qual Branly sem er stórt safn og inniheldur söfn þjóðlegrar listar frá mörgum löndum austan hafs og vestan og einnig frá Eyjaálfu. Þar sáum við meðal annars sýningu þar sem fjallað var um afrísk áhrif í verkum Pablo Picasso frumkvöðuls þeirrar listastefnu sem kölluð er kúbismi. Við skoðuðum einnig Musée de Cluny, sem er safn miðaldalistar og hefur verið starfrækt frá 1843. Þar er meðal ananas að finna frægan myndvefnað frá 16. öld - oft gríðarstór handofin teppi sem líta eins út frá báðum hliðum og eru talinn eitt helsta listræna afrek miðalda í Evrópu. Við skoðuðum líka vinnustofur í Frakklandi þar á meðal Stúdíó Anais Gurey var heimsótt. Gurey er fatahönnuður og hefur byggt upp eins manns fyrirtæki í kringum hönnun sína. Annað sem geta má um úr Frakklandsheimsókninnni er útibú bandaríska skólans Parsons sem er er með franskt útibú þar sem kenndar eru tískutengdar greinar. Fleiri fyrirtæki og starfsstöðvar voru skoðaðar í París meðal annars höfuðstöðvar Trend Union, ráðgjafafyrirtækis Lidewij Edelkoort sem er hollensk og stofnaði það á 9. áratugnum.

Kynntumst meiri breidd í Englandi

Heillaði England ykkur líkt og París. "Já – en kannski á annan hátt. Þar skoðuðum við bæði skóla, fyrirtæki og vinnustofur og kynntumst meiri breidd þar sem klassíkin var meira á dagskrá í Frakklandi. Central Saint Martins listaháskólinn er gríðarstór skóli þar í boði er upp á margvíslegt listnám þar á meðal í textíl- og fatahönnun. Craft Study Center háskólasafnið í Farnham var sótt heim og einnig University for the Creative Art sem er það skammt frá."

Höllin með mikið aðdráttarafl

Hópurinn heimsótti síðan The Royal School of Needlework. Þær Guðrún og Una segja að Hamton Court höllin þar sem skólinn er staðsettur sé aðdráttarafl í sjálfu sé. Í einum hluta hallarinnar er RSN til húsa, mjög viðeigandi fyrir konunglegan skóla. RSN á langa sögu að baki, var upphaflega stofnaður árið 1887 undir verndarvæng Helenu prinsessu." Hápunktur ferðarinnar var þó að sögn Guðrúnar og Unu heimsókn til til strandbæjarins Margate þar sem Turner Contemporary listagalleríið sem nefnt er eftir breska listmálaranum J. M. W. Turner. "Þar skoðuðum við sýninguna ,,Entangled: Threads & Making" - verk þar sem framkvæmd og efniskennd eru í aðalhlutverki. Þar sáum við meðal annars verk eftir listakonur sem fjallað var um í náminu hjá okkur hér heima. Að loknum þessum hápunkti var haldið til Victoriu og Alberts í London sem er eitt helsta lista og hönnunarsafn í heimi - stofnað árið 1852 og nefnt eftir Victoriu drottningu og Albert manni hennar. Gríðarstórt safn með 145 sýningarsali og sýningargripi sem spanna 5000 ára tímabil."

Skólar og vinnustofur í Skotlandi

Í Skotlandi var farið nokkuð víða og merkilegir staðir voru skoðaðir. Einn af þeim var verkstæði Laura Spring grafísks hönnuðar sem vinnur nú með textílþrykk. Einnig Glasgow School of Art þar sem boðið er upp á bæði B.A. og M.A. gráðu í textíl. "Eitt sem vakti verulega athygli okkar var í smábæjarins Duns suðaustur af Glasgow en þar er spunafyrirtækið Boarder Mill. Þar fer fram sérhæfing í spuna á Alpacca ull, en einnig spunnið úr merinó og íslenskri ull og jafnvel notuð hundahár í spuna."

Ferðalangar frá Íslandi að prufa vefstólana í Glascow School of Art.

Textíldeild Myndlistarskólans í Reykjavík hóf göngu sína haustið 2010 og frá stofnun deildarinnar hafa ýmsir aðilar, stofnanir og fyrirtæki komið að uppbyggingu og þróun námsins. Deildin hefur m.a. notið góðs af samstarfi við Heriot Watt University, Glasgow School of Art, Bergen Academy of Art and Design og Via University College, Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuð, Glófa ehf., Textílprentun Íslands og Aurum. Hönnuðir, listamenn og fagaðliar sem starfa hérlendis og erlendis hafa miðlað sinni þekkingu og reynslu til nemenda og m.a. hafa fyrirtæki á borð við Eley Kishimoto og Eribé boðið nemendum deildarinnar starfsnám erlendis.

HÚSVERNDARSTOFA
Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

Minjastofnun Íslands
Borgarsögusafn Reykjavíkur
IÐAN fræðslusetur

Slappað af á kaffihúsi í strandbænum Margate á Englandi.

Unnið fyrir Elísabetu drottningu og J.K. Rowling

Hópurinn skoðaði einnig Heriot Watt háskólann í Galashiels þar sem mikil hefð er fyrir textíliðnaði. Stead McAlpine var einnig sótt heim en það er textílprentverksmiðja sem hefur verið starfandi síðan 1835. "Við fengum góða tilfinningu fyrir því hvernig Stead McAlpine hefur komið víða við í sögu Bretlands. Margir hafa notið textílprentsins þeirra, allt frá Elísabetu drottningu og J.K. Rowling til kattar sir Winston Churchills."

Grónar stofnanir og ung fyrirtæki

Guðrún og Una segja að þrátt fyrir að um gamlar og grónar stofnanir sé að ræða en einnig ung fyrirtæki þá koma hvarvetna fram áherslan á að draga úr öllu sem talist geti til mengunar. Áður fyrr hafi verið unnið með ýmis hættulega efni. Notkun og meðferð efna miðist nú meira og meira við að ekki hljótist mengun af notkun þeirra og ljóst að mikil vakning eigi sér nú stað að þessu leyti. Þær segjast hafa orði mjög undrandi að sjá hversu langt Bretar og ekki síður Skotar séu komnir í flestu sem snýr að textíliðnaði. Ferðin þangað hafi verið mjög lærdómsrík.

Rætt við verslanir á Norðurlöndum um að koma á Hafnartorg

Tölvumynd af Hafnartorgi fullbúnu.

Að undanförnu hafa staðið yfir viðræður á milli Fasteignafélagsins Regins og aðila í verslunarrekstri á Norðurlöndum um að koma á Hafnartorg. Þegar er ákveðið að sænska verslunarkeðjan H&M opni verslun þar og einnig hefur verið rætt við Illums Bolighus í Danmörku.

Ákvörðun í því máli mun ekki liggja fyrir en rætt hefur verið við fleiri aðila á Norðurlöndum um að koma að verslunarrekstri á Hafnartorgi. Alls um 8.600 fermetra verslunarhúsnæði að ræða og á það að vera tilbúið um mitt næsta ár.

Vetrarstarf Skautafélags Reykjavíkur er að hefjast

Vetrarstarfið í Skautafélagi Reykjavíkur í Skautahöllinni í Laugardal er að hefjast aftur eftir sumarfrí. Mikil eftirvænting er hjá bæði iðkendum, þjálfurum og aðstandendum félagsins, en höllin hefur verið lokuð síðastliðna fimm mánuði vegna framkvæmda á húsnæði listhlaupadeildarinnar og endurnýjunar á búnaði við skautasvellið.

Í júlí og ágúst hafa iðkendur stundað skautabúðir í Egilshöllinni og þátttaka þar verið mjög góð og margir iðkendur hafa bætt verulega við getu sína í sumar.

Mikil uppbygging hefur verið í starfsemi listhlaupadeildarinnar SR og öll starfsemi blómstrað. Nýr yfirþjálfari þjálfari, Guillaume Kermen, kom til liðs við okkur haustið 2016 og mun Nadia Margrét Jamchi starfa sem aðstoðarþjálfari hans áfram í vetur auk þess sem unnið er að því að bæta við öðrum þjálfara. Ásamt þeim starfa hjá félaginu nokkrir þjálfara í hlutastörfum. Vetrarstarfið hefst í Laugardalnum samkvæmt stundarskrá hjá framhaldshópum mánudaginn 21. ágúst. Áfram verður boðið upp á fullorðinsnámskeið í vetur, en áhugi foreldra hefur aukist gífurlega á því að læra að skauta og komust færri að en vildu á síðasta námskeið.

Það er aldrei of seint að byrja að æfa skauta og því býður SR upp á námskeið við allra hæfi. Þeir sem vilja kynna sér starfsemi félagsins enn betur bendum við á heimasíðu félagsins www.skautafelag.is

Borgarbókasafnið

Café Lingua farið af stað að nýju

Viðburðaröð Borgarbókasafnsins, Cafe Lingua – lifandi tungumál, hefur teygt anga sína víða og sett svip sinn á samfélagið. Fjölmargir aðilar víða um borgina hafa tekið þátt frá því að þetta fjölmenningarlega verkefni hóf göngu sína. Verkefnið er nú að fá vængi á haustdögum. Sú breyting hafi orðið á verkefninu, að Vigdísarstofnun sé núna formlega orðin aðili að því. Veröld – hús Vigdísar verður ásamt menningarhúsum Borgarbókasafnsins einn helsti vettvangur tungumálamótanna sem eiga sér stað á Café Lingua.

„Á Café Lingua gerist það skemmtilega, - þangað getum við komið til að tala tungum, - eins og postularnir. Hingað, á Café Lingua, getum við komið og æft okkur í að spjalla á ýmsum tungumálum, - fólk af erlendum uppruna sem vill til að mynda spjalla á íslensku, - sem er nú erfitt mál að læra, - og svo einnig við heimamenn sem viljum stofna til samtals og umræðna á einhverju því tungumáli sem hér verður á boðstólum," segir í frétt frá Borgarbókasafninu.

Frá Café Lingua. Myndin er tekin í Stúdentakjallaranum.

Viðburðir haustsins fara fram í menningarhúsum Borgarbókasafnsins, í Veröld – húsi Vigdísar og í Stúdentakjallara Háskóla Íslands.

Rifsþéla étur setubekk á Landakotstúni

Rifsþéla er farin að leggjast á timbur hér á landi. Í frétt RÚV nýlega kom fram að lirfur þessa skordýrs hafi meðal annars tekið sér ból við setubekk á Landakotstúni og nærst á timbrinu af bestu list. Rifsþélau hefur orðið vart hér á landi um nokkurra ára skeið en ekki er nákvæmlega vitað hvenær hún barst fyrst hingað. Á undanförnum árum hefur hún sótt í rifsberjarunnar nokkuð víða í Reykjavik og nágrenni en eins og nafnið endir til nærast lirfur hennar einkum á þeirri trjátegund.

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að rifsþélan finnist um alla Evrópu og Norður Ameríku en upplýsingar liggi ekki fyrir um nákvæmari útbreiðslu annarsstaðar í heiminumrunna. Á Íslandi hefur hún numið land í Reykjavík, í Mosfellsbæ og trúlega í Hveragerði. Rifsþéla étur einkum laufblöð rifsberjarunna. Fullorðin dýr hafa fundist í júní og aftur í ágúst og hafa lirfur hennar fundist í kjölfar beggja flugtímanna. Augljóslega sé um tvær kynslóðir að ræða. Rifsþélan mun liggja í vetrardvala á fullorðinsstigi og vaknar snemma sumars til að makast og verpa. Lirfurnar eru mikilvirkar við fæðuöflun og vaxa hratt. Rifsþélan veldur oft miklum skaða þar sem hún hefur viðkomu. Erfitt getur verið að losna við hana og misjafnt hvaða aðferðir virka en best mun að ráðast að henni og þá helst með eitri þegar hún er snemma á vaxtarstigi. Ekki liggur fyrir af hvað ástæðum þetta skordýr er tekið að leggjast á mannvirki á borð við setubekki en leiða má líkum að því að gróður sem liggur fast að þeim geti borið lirfur á milli.

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

HAMBORGARA Búllan

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

VD HURÐIR



BÍLSKÚRSHURÐIR

Smíðum hurðar eftir máli.
Eigum alla varahluti til á lager og því hægt að gera við skemmda hurð frá okkur samdægurs.

Minnst 15.000 opnanir sem jafngildir 20 ára endingu miðað við 2 opnanir á dag 365 daga ársins.
Einangrun í hurðunum er úr polyuretan sem hefur tvöfalt einangrunar gildi á við polystyren og dregur einnig síður í sig vatn. Hafðu samband í dag og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum.

Sími: 567-3440 • vagnar.is • vagnar@vagnar.is

Bílskúrshurðir

Hágæða íslensk framleiðsla

Stílhreint og nútímalegt útlit

Framúrskarandi einangrun og þéttingar

Mikill styrkur gegn vindálagi og veðrun

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR & ÞJÓNUSTA
Tunguháls 10,
110 Reykjavík
567-3440
vagnar@vagnar.is
www.vagnar.is

Vetrarstarf Dómkirkjunnar hefst 3. september

Sumri hallar, hausta fer, skólar hefjast og hversdagurinn fellur senn í sínar föstu skorður. Orðið haust merkir uppskera, og það er hugtak og reynsla sem er þrungið von og framtíð á nýju vori. Trúin horfir fram í slíkri von. Kirkjunni er ætlað að glæða og næra þá von með helgihaldi, fræðslu og þjónustu.

Vetrarstarf Dómkirkjunnar hefst með fjölskylduguðsþjónustu sunnudaginn 3. september þar sem væntanleg fermingarbörn og foreldrar þeirra eru boðin velkomin til fermingarstarfa vetrarins. Einnig hefst sunnudagaskólinn þá í umsjón Ólafs Jóns og Sigurðar Jóns. Eftir messu er boðið upp á kaffi og samtal í Safnaðarheimilinu, Lækjargötu 14. Opið hús í Safnaðarheimilinu hefst þann 21. september. Þar verður sem fyrr fjölbreytt dagskrá, fræðandi og skemmtileg samvera. Byrjað er með veislukaffi kl. 13.30 og í framhaldi af því fyrirlestur til fræðslu og skemmtunar, og svo samræður á eftir. Að venju mun efnt til haustferðar opna hússins og verður hún fimmtudaginn 28. september.

Um þessar mundir eru tímamót í sögu Dómkirkjunnar, séra Hjálmar Jónsson lét af embætti sóknarprests og séra Sveinn Valgeirsson var skipaður í hans stað. Nýr dómkirkjuprestur tekur svo við embætti við hlið hans 1. október.

Messur eru alla helgidaga kl.11 og barnastarf verður á sama tíma á kirkjuloftinu. Æðruleysismessur eru mánaðarlega. Bænastundir eru alla þriðjudaga kl. 12 og einfaldur málsverður á eftir. Æskulýðsfélagið Ungdóm, Kirkjunefnd kvenna Dómkirkjunnar starfa yfir vetrarmánuðina og prjónakvöld eru mánaðarlega.

Bach tónleikar Ólafs Elíassonar eru öll þriðjudagskvöld kl. 20.30 til 21.00 Nánari upplýsingar um dagskrá Dómkirkjunnar má finna á domkirkjan.is og á fésbókarsíðu. Hjartanlega velkomin í gott samfélag í Dómkirkjunni.

Taktu á móti blessun haustsins: Verði loftið tært í kringum þig, uppskera þín ríkuleg, dagarnir góðir og friðsælar nætur.

Ásta Kristjánsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, séra Hjálmar Jónsson, Guðrún Kristjánsdóttir og séra Karl Sigurbjörnsson.

Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI
511 1188
borgarblod.is

Heilsugæslan Höfða

Árni Sch. Thorsteinsson
Sérfræðingur
í heimilislækningum.

Mun 1. sept. nk. flytja
læknastofu mína á
Heilsugæsluna Höfða,
Bíldshöfða 9.

Gamlir og nýir
skjólstæðingar velkomnir.

Nánari upplýsingur um
skráningu á www.hgh.is
eða í síma 591-7000.

BÍLAVIÐGERÐIR
GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Systrasamlagið

Andaðu!

BESTA NÆRINGIN ?

Súrdeigssamlokur, þeytingar, kaffi, grautar, croissant, te, kökur og margt, margt fleira úr allra besta hráefninu.

FLOTHETTAN

– fyrir meiriháttar haust!

Innanlands sem utan.

VERÐ:
16.400 kr.

MÖNTRU ARMBÖND

– á strönd og í sveiti!

Silfruð, gyllt, rósagull.

Gefandi möntrur/þulur/orð.

Verð: 6.500/7500 kr.

ILMURINN 2017

Dr. Bach heldur okkur vakandi. Lífrænt vottuð af Ecocert.

6 tegundir dr. Bach ilmvatna fást hjá okkur.

JÓGA- & ÞÆGINDAFÖT

Lífræn, notaleg, falleg & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 17.

Bókin ekki enn dauð

Valdís Elísdóttir, verslunarstjóri Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi skrifar

Fréttir undanfarið segja að bókin sé í stórhættu - að framtíð bókaútgáfu og þar af leiðandi bókabúða líti mjög illa út. Samkvæmt fréttum kaupum við sífellt minna af bókum og lestur er þar að auki í samkeppni við annars konar afþreyingu. Jarðarför bókarinnar yrðu válegar fréttir, því að bókabúð skipar mikilvægt hlutverk í hverju samfélagi og kannski meira en við gerum okkur grein fyrir. Hún er staður visku og fróðleiks, full af notalegu andrúmslofti. Fátt er þægilegra en að setjast niður og lesa blað eða bók yfir góðum kaffibolla, gleyma stund og stað, fá nýjar hugmyndir og láta koma sér á óvart.

Samkvæmt mælingum Félags íslenskra bókaútgefenda hefur keyptum prentuðum bókum fækkað um næstum helming síðan 2010. Hækkun virðisaukaskatts á bækur árið 2015 hjálpaði þessari þróun ekki í samkeppninni um aðra afþreyingu. Prentaða bókin er í raun komin í samkeppni við sjálfa sig í rafrænu formi sem og aðra afþreyingu. Að sama skapi sjáum við að sala prentaðra bóka í öðrum löndum eins og í Bretlandi og á Írlandi hefur farið vaxandi. Svo hvað getum við gert sem erum að selja bækur til að efla áhuga á þeim?

Að hvetja til lesturs er sameiginlegt átak

Það þarf vart að fjölyrða um kosti þess að lesa bókmenntir, bæði fyrir börn og fullorðna. Að hvetja til lesturs er því sameiginlegt átak okkar allra, frá foreldrum til stjórnvalda. Bóksalar eru þarna ekki undanskildir. Tæknin hefur breytt bókaumhverfinu gríðarlega og önnur afþreying en bókalestur er komin til að vera. Það er því meðal annars undir okkur sem rekum bókabúðir komið hvernig við þróumst í þessu breytta landslagi. Verðlag stýrist mikið af efnahagsaðstæðum, en Bóksala stúdenta hefur ávallt haft það að markmiði að bjóða eins lágt verð og kostur er, enda stærsti viðskiptamannahópurinn námsmenn. Við bóksalar nýtum okkur tæknina í rekstrinum og aðlögumst þannig breyttu umhverfi, þó við gætum eflaust alltaf gert betur. Við erum aðdáendur allra bókaforma; prentaðra, rafrænna og sjaldgæfra bóka. Það eru mýmörg tækifæri með betri vefsíðum og vefverslun til að mynda en einnig getum við aukið samskipti okkar við núverandi og nýja viðskiptavini í gegnum samfélagsmiðla, náð athygli þeirra á þeim vettvangi þar sem þeir eru oftast – í snjalltækjunum – og veitt þeim innsýn inn í það sem gerist í bókabúðinni, alls konar viðburði og sögur sem þar eiga heima. Verið þannig áhugaverður staður til að heimsækja.

Valdís Elísdóttir, verslunarstjóri Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi.

Við erum einnig almenn bókabúð

Við erum ekki bara að selja bækur, ritföng og gjafavörur, heldur einnig upplifun. Við erum líka að bjóða upp á notalegt andrúmsloft og stemningu, höfum kaffihús og viðburði af ýmsu tagi. Þeir sem koma í bókabúð annað hvort vilja geta gengið beint að því sem þeir eru að leita að eða eru að koma inn til að uppgötva eitthvað nýtt og jafnvel slaka á, komast í rólegt andrúmsloft. Þó svo að okkar sérstaða hjá Bóksölu stúdenta felist í því að sinna þörfum háskólanemenda um allt land, erum við einnig almenn bókabúð og með þetta skemmtilega andrúmsloft litlu notalegu bókabúðarinnar, þar sem allir eru velkomnir að uppgötva og njóta. Bóksala þarf ekki að vera gamaldags þó hún byggi á gömlum grunni og hugmyndafræði. Við getum bæði haldið í eitthvað sem fólk þekkir frá notalegu bókabúðunum yfir í að veita viðskiptavinum það sem þeir vilja í gegnum netið. Okkar markmið er því að flétta saman það sem var og því sem verður í verslun bóka af ýmsum toga.

Okkur þykir miður að heyra fréttir af því að hrun bóksölu sé framundan en við skulum ekki syngja sálma strax. Ísland er bókaþjóð og við byggjum á ríkulegri sagnahefð og yndi á rituðu máli. Góð bók í notalegu umhverfi er þægilegur staður til að vera á í þeim hraða heimi sem við búum í, ævintýraheimur sem allir ættu að fá að kynnast og það er líka í okkar verkahring að kynna þann heim. Við í Bóksölu stúdenta munum hið minnsta leggja okkur fram um að hlusta eftir breytingum, halda áfram að veita persónulega þjónustu, en ekki síst að búa til stað og umhverfi þar sem er notalegt að koma og kynnast bókinni. Bókabúð er nefnilega ekki bara bókabúð. Hún er samfélag og upplifunin sem þar býr. Við hlökkum til að hitta ykkur í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi til að kynnast nýjum sjónarhornum og ævintýrum – og njóta kaffibolla með.

Ballettskóli
Guðbjargar Björgvins

Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399

Netfang: gbballett@simnet.is

VÖNDUÐ SMÁHÝSI

NormX framleiðir hér innanlands vinsæl og vönduð smáhýsi sem nýtast við allskonar aðstæður.

Vandað fulleinangrað 14.9m² hús - eitt rými með baði og kaffihorni er vinsælasta útfærslan.

Rehau gluggar og hurðir. Vandaður panell festur með ryðfríum skrúfum. Ath! Húsin eru framleidd í mörgum útfærslum.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEÐUR

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI

GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

ÖKUM VARLEGA!
Skólarnir eru að byrjaðir!

Reykjavíkur Apótek
samskip
N1
Vís
Systrasamlagið
Vesturbæjarblaðið

FALLEGIR LEGSTEINAR

Á GÓÐU VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Matarbúrið
sérverslun
með nautakjöt
Grandagarði 29

Grasfóðrað nautakjöt,
Lambakjöt úr sjálfbærri sauðfjárrækt,
hreindýrakjöt,
kanína ofl. í boði.

Opið þriðjudaga til föstudaga frá kl. 11-18.
Laugardaga frá kl. 12-17.

Matarbúrið
SÉRVERSLUN MEÐ NAUTAKJÖT
VERSLUN ÚR SVEIT

Dansskóli Birnu Björns

Erum stöðugt að taka við nýjum dansverkefnum

Dansskóli Birnu Björns heldur áfram að taka við hinum ýmsu dansverkefnum þar sem nemendum gefst oftar en ekki tækifæri á að spreyta sig. Nú um þarliðna helgi sáu danskennarar skólans um kóreógrafíu og sviðsetningu, auk þess að dansa, á stórtónleikum á Fiskideginum á Dalvík. Í ágúst komu nemendur og kennarar fram á menningarnótt og síðan verður sýning á tónleikum Friðriks Dórs í Hörpu þann 9. september.

Þar sjá danskennarar skólans um kóreógrafíu, sviðsetningu og dans og fjölmargir nemendur skólans munu taka þátt í þeirri uppsetningu. Í október munum við svo koma að stórtónleikum í Háskólabíói, fyrstu sinnar tegundar á Íslandi, en það eru Halloween tónleikar. Við hlökkum til að takast á við þessi fjölbreyttu og skemmtilegu verkefni og gefa nemendum okkar færi á því að taka þátt.

Dansferðin 2018 verður svo á sínum stað, en við fórum út með frábæran hóp vikuna 14. til 18. ágúst. Dansferðirnar okkar eru þannig uppbyggðar að nemendur sækja danstíma á hverjum degi. Á morgnana er tveggja til þriggja tíma program fyrir okkar nemendur, þar sem hópurinn sækir lokaðan tíma hjá frábærum kennurum. Á hverjum degi læra nemendur nýja dansstíla. Eftir hádegi gefst nemendum svo færi á að sækja opna tíma í þeim stíl sem þeir hafa mestan áhuga á. Þegar danstímum er lokið brallar hópurinn svo ýmislegt skemmtilegt saman, við fórum á söngleik, út að borða, kíkjum í búðir og skoðum borgina. Dansferðirnar eru orðnar að föstum lið hjá okkur á hverju ári. Umsóknir fyrir dansferðina sumarið 2018 verða opnaðar nú á haustönn 2017.

Úr Dansskóla Birnu Björnsdóttur.

Fjarnám eykur aðgengi til náms

Fjarnám í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er afar fjölbreytt og er fjöldi áfanga í boði á hverri önn um níutíu. Allir fjarnemar hafa góðan aðgang að bókasafni, náms- og starfsráðgjöfum og annarri þjónustu skólans. Nemendur eru á öllum aldri og koma víða að.

Steinunn H. Hafstað fjarnámsstjóri Fjölbrautarskólans við Ármúla segir að síðan fjarnámið hófst fyrir 15 árum hafi nemendur allan tímann getað tekið allt frá einum áfanga á önn upp í fullt nám og er nemendahópurinn afar fjölmennur, víða um land og erlendis. Þeir eru m.a. í námi við aðra skóla, í vinnu eða að eru að bæta við stúdentsprófið.

Þetta hefur haft gífurleg áhrif á aðgengi til náms þar sem fólk getur stundað það án þess að staður eða stund setji því mörk. Það hefur verið mörgum ómetanleg tenging í skólakerfið eftir hlé. Þess vegna höfum við alltaf boðið fólk eldra en 25 ára velkomið og gerum okkar besta til að höfða til ólíkra aldurshópa. Fjöldi nemenda á liðinni vorönn var um 1200 og í sumar tæplega 700.

Fjarnámið hefur haft mikil áhrif

Ég tel að fjarnám hafi haft mikil áhrif. Stöðugt fleiri skólar bjóða upp á þennan kost og með aukinni samkeppni erum við æ meðvitaðri um að sofna ekki á verðinum og halda uppi gæðum. Nemendur skoða áfangaframboð, bera saman skóla og hlusta á aðra nemendur. Við þurfum því stöðugt að finna leiðir til að ná til nemenda okkar og miðla efni á sem fjölbreyttastan hátt. Sem betur fer er kennarahópurinn orðinn vel sjóaður og alltaf bætast nýir í hópinn. Ég þori að fullyrða að við bjóðum upp á framúrskarandi fjarnám, segir Steinunn. Heilbrigðisskólinn er okkar sérstaða en við bjóðum upp á nám við sjö brautir innan hans auk grunnnáms. Ef ekki væri fjarnám gæti skólinn illa haldið úti fámennum brautum og námshópum sem myndi verulega skerða námsframboð skólans. Fólk víðsvegar um landið getur aflað sér starfsmenntunnar m.a. í gegnum fjarnám án þess að þurfa að flytjast burt úr heimabyggð.

Nemendur á öllum aldri stunda fjarnám við FÁ

Grunnskólanemendur í efstu bekkjum grunnskóla eru alltaf nokkuð fjölmennir sem og nemendur í dagskóla FÁ, einnig taka nemendur annarra framhaldsskóla sem taka einn og einn áfanga samhliða öðru námi. Síðast en ekki síst þeir nemendur sem hafa lokið starfsnámi og vilja ljúka stúdentsprófi. Grunnskólanemendurnir fá þá áfanga sem þeir ljúka í fjarnámi metna í þann skóla sem þeir innritast í eftir grunnskólapróf. Þetta skapar möguleika að flýta fyrir sér í námi en fá um leið krefjandi verkefni í námsgreinum þar sem þeir skara fram úr í. Þetta gefur nemendum kost á að vera í grunnskólanum sínum í stað þess að þeir hoppi yfir bekk og byrji „of“ ungir í framhaldsskóla. Enn fremur er aukinn fjöldi útskrifaðra nemenda að bæta við sig áföngum, t.d. í ensku og stærðfræði vegna kröfu einstakra deilda háskólanna, segir Steinunn að lokum og minnir á að skráning fyrir þessa haustönn standi yfir frá 21. ágúst til 5. september.

Steinunn H. Hafstað fjarnámsstjóri Fjölbrautarskólans við Ármúla.

Sundæfingar/ sundkennsla

Sundæfingar fyrir 7 ára og eldri hefjast 4. september í Vesturbæjarlaug, Sundhöllinni og Neslauginni.

Sundskóli KR fyrir 4-6 ára börn hefst 11. sept í Sundhöllinni og 18. september í Austurbæjarskóla.

Nánari upplysingar á www.kr.is/sund/

1X2

GETRAUNANÚMER
KR ER 107

www.kr.is

Graenir skátar
– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili

Rauða hjónið
sídan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

iGreen
Hi-Tech Frames

iGreen er einstök vörulína sem sameinar stíl og tækni sem er nýjung í umgjörðum. Hin nýja og byltingarkennda efni sem notað er gefur frábæran sveigjanleika og léttleika auk þess að vera sterkt og endingargott.

Ítölsku iGreen umgjarðirnar eru flottar og litríkar auk þess að bjóða upp á ótal möguleika í samsetningum.

Komdu við og kynntu þér iGreen umgjarðirnar.

Skiptu um lit!

Verð á umgjörðum kr. 11.900 og 14.900
Verð á auka örmum kr. 2.900

Með iGreen gleraugunum getur átt mismunandi litaðar umgjarðir og arma og skipt um eftir vild. Þannig getur þú útbúið þá litasamsetningu sem þú vilt.

Gott verð á glerjum

Einfókus gler
verð frá kr. 16.900,-

Margskipt gler
verð frá kr. 41.900,-

EYES LAND gler augu

Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is